

Ár 2017, mánudaginn 13. febrúar, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör varaformanns kærunefndar útlendingamála

I.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 80/2016, um útlendinga ákveður kjararáð laun og önnur starfskjör varaformanns kærunefndar útlendingamála.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 27. júní 2016 frá innanríkisráðuneytinu þar sem þess er óskað að kjararáð ákveði launakjör varaformanns kærunefndar útlendingamála. Um sé að ræða nýtt embætti sem varð til með lögum nr. 36/2016 þar sem gerðar voru breytingar á þágildandi lögum um útlendinga nr. 96/2002.

Með bréfi dagsettu 21. júlí 2016 var nýskipuðum varaformanni kærunefndar útlendingamála gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við ráðið. Með bréfum dagsettum sama dag gaf kjararáð innanríkisráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna málsins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006.

Í bréfi innanríkisráðuneytis dagsettu 10. ágúst 2016 er vísað til fyrri greinargerða ráðuneytisins til kjararáðs vegna launa formanns kærunefndar útlendingamála hvað varðar stofnunina sjálfa. Í bréfinu kemur fram að um eðli starfs varaformannsins vísi ráðuneytið til ákvæða í lögum um útlendinga þar sem meðal annars segi að hann skuli uppfylla sömu hæfisskilyrði og formaður og sé staðgengill hans. Formaður eða varaformaður eigi sæti í öllum málum og varaformaður hafi sama úrskurðarvald og formaður. Þá stýri varaformaður störfum kærunefndar þar sem formaður sitji ekki.

Í bréfi varaformanns kærunefndar útlendingamála dagsettu 22. ágúst 2016 kemur fram að þrír nefndarmenn skuli að jafnaði sitja fundi kærunefndar til að fjalla um hvert mál sem nefndinni berst. Formaður eða varaformaður eigi sæti í nefndinni í öllum málum og varaformaður hafi sömu heimildir og formaður til að úrskurða í málum. Fram kemur að formaður kærunefndarinnar hafi ákveðið að nefndin skuli starfa í þremur deildum. Formaður sitji í einni deild ásamt varaformanni og einum öðrum nefndarmanni og stýri starfi þeirrar deildar. Varaformaður stýri starfi hinna tveggja deildanna og sitji þar ásamt tveimur öðrum nefndarmönnum. Þá hafi nefndin falið formanni og varaformanni heimild til að úrskurða einir í tilteknum málum. Þá er áréttað í bréfinu að varaformaður kærunefndarinnar hafi heimild til að úrskurða einn í ákveðnum málum auk þess sem hann sé staðgengill formanns nefndarinnar í forföllum hans eða fjarveru.

Í bréfi fjármála- og efnahagsráðuneytis dagsettu 24. ágúst 2016 segir að ráðuneytið telji eðlilegt að kjararáð horfi til sambærilegra stjórnisýslunefnda við ákvörðun sína á launakjörum varaformanns kærunefndar útlendingamála og jafnframt að jafnræðis sé gætt við ákvarðanir kjararáðs.

Með bréfi dagsettu 31. ágúst 2016 fékk varaformaður kærunefndar útlendingamála send framangreind bréf ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi varaformannsins dagsettu 13. september 2016 eru ekki gerðar athugasemdir við bréf ráðuneytanna.

III.

Kærunefnd útlendingamála starfar samkvæmt lögum nr. 80/2016 um útlendinga. Kærunefndin er sjálfstæð stjórnisýslunefnd sem úrskurðar í málum sem til hennar eru kærð á grundvelli 7. gr. laganna. Úrskurðum nefndarinnar er ekki unnt að skjóta til æðra stjórnvalds. Við úrlausn mála hefur kærunefndin sömu valdheimildir og ráðherra sem úrskurðaraðili á æðra stjórnisýslustigi.

Innanríkisráðherra skipar sjö nefndarmenn í kærunefnd útlendingamála. Formaður nefndarinnar og varaformaður skulu skipaðir í fullt starf til fimm ára að undangenginni auglýsingu samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og að fenginni umsögn hæfnisnefndar samkvæmt nánari ákvæðum laganna. Þeir skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Innanríkisráðherra skipar fimm aðra nefndarmenn og jafnmarga til vara til fimm ára í senn og skulu þeir hafa lokið embættis- eða meistaraþrófi í lögfræði. Tveir skulu tilnefndir af Mannréttindaskrifstofu Íslands, einn af Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og tveir skipaðir án tilnefningar. Þess skal gætt að innan nefndarinnar sé jafnan til staðar nauðsynleg sérþekking á þeim sviðum sem fjallað er um í nefndinni. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti og skulu uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

Formaður kærunefndar útlendingamála hefur yfirumsjón hennar með höndum. Hann fer með fyrirvar nefndarinnar út á við og ber ábyrgð á fjárhag hennar og daglegum rekstri. Formaður úthlutar málum til meðferðar. Formaður ræður starfsfólk í samræmi við samþykktar fjárheimildir og ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Varaformaður er staðgengill formanns og gegnir störfum hans þegar formaður er forfallaður eða fjarstaddur.

Að jafnaði skulu þrír nefndarmenn sitja fundi kærunefndar til að fjalla um hvert mál sem nefndinni berst. Formaður ákvarðar hvernig nefndin er skipuð í hverju máli og skal hann gæta þess að í henni eigi sæti þeir sem besta þekkingu hafa til úrlausnar málsins. Formaður eða varaformaður á sæti í nefndinni í öllum málum. Formanni er heimilt að ákveða að nefndin starfi deildaskipt. Nefndinni er heimilt að fela formanni einum að úrskurða í ákveðnum málum. Varaformaður hefur sömu heimildir og formaður til að úrskurða í málum í samræmi við ákvæði laganna. Málsmeðferð skal að jafnaði vera skrifleg. Í tilteknum málum getur nefndin, telji hún ástæðu til, gefið kæranda kost á að koma fyrir nefndina og tjá sig um efni máls eða einstök atriði þess eftir atvikum. Þá getur nefndin kallað til aðra en umsækjanda. Við undirbúning máls er formanni eða varaformanni heimilt að ákveða að kæranda sé gefinn kostur á að koma fyrir nefndina. Formaður eða varaformaður stýrir störfum nefndarinnar við umfjöllun máls.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Starf varaformanns kærunefndar útlendingamála varð til í kjölfar breytinga á þágildandi lögum um útlendinga nr. 96/2002 og var fyrst skipað í starfið frá og með 1. ágúst 2016. Kjararáð hefur því ekki áður úrskurðað um launakjör varaformanns kærunefndar útlendingamála. Við ákvörðun launa hans er höfð hliðsjón af launakjörum formanns nefndarinnar auk þess sem gætt er að því innbyrðis samræmi sem kjararáði ber að hafa að leiðarljósi og áður er gerð grein fyrir.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun varaformanns kærunefndar útlendingamála skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2016 skulu mánaðarlaun varaformanns kæruneftndar útlendingamála vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 135, nú 925.856 krónur. Að auki skal greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokk 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör varaformanns kæruneftndar útlendingamála gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber